

Stjórnvaldssekt vegna brots á 63. og 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 29. ágúst 2006 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins Glitni banka hf. vegna brots á 63. og 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Um var að ræða greiðslu Glitnis á árlegum kaupaukum til starfsmanna bankans þann 1. febrúar 2006 í formi hlutabréfa í bankanum. Tilkynningar til Kauphallar Íslands um víðskipti með eigin bréf bárust hins vegar ekki fyrr enn 3. febrúar sama ár og tilkynningar um víðskipti innherja þann 6. febrúar. Tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins bárust ekki fyrr en 6. febrúar 2006. Félagið tilkynnti því umrædd víðskipti ekki innan tilskilinna tímamarka.

Var það mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að ekki væri ástæða til að vísa málinu til refsimeðferðar hjá ríkislögreglustjóra, skv. 75. gr. vvl., heldur væri það þess eðlis að rétt væri að ljúka því með stjórnvaldssekt í samræmi við heimildir Fjármálaeftirlitsins í 74. gr. vvl. Með hliðsjón af atvikum málsins þótti hæfileg sekt vera kr. 250.000.